



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi
Erindi nr. D 140/1674
komudagur 4.4.2012

Reykjavík, 04.04.2012
Tilv. 21.9.1/SEL
JS/sdk

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum, 466. mál, 140. löggjafarþing 2011-2012

Selir hafa hingað til verið taldir til nytjastofna sjávar enda eru nytjar á selum líklega jafngamlar byggð í landinu. Samkvæmt lögum um Hafrannsóknastofnunina ber stofnuninni að veita ráðgjöf varðandi nýtingu og vernd nytjastofna sjávar. Í samræmi við það hefur stofnunin veitt stjórnvöldum vísindalega ráðgjöf varðandi selastofna í árlegri skýrslu sinni um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum og aflahorfur. Auk eigin rannsókna á selum hefur ráðgjöf stofnunarinnar byggst á samstarfi við þá aðila sem helst hafa stundað selarannsóknir hér á landi, einkum Erling Hauksson, líffræðing hjá Hringormanefnd, sem metið hefur stærð selastofna frá 1980. Mat á niðurstöðum íslenskra selarannsókna hefur reglulega farið fram á alþjóðlegum vettvangi og hefur endanleg ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar að mestu byggst á slíkum úttektum.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir aðkomu Hafrannsóknastofnunarinnar né annarra aðila sem stundað hafa rannsóknir á sjávarspendýrum og lífríki hafsins að ákvörðunum um griðarsvæði sela, heldur eru Náttúrufræðistofnun Íslands og Bændasamtök Íslands einu samráðsaðilarnir samkvæmt frumvarpinu. Nauðsynlegt hlýtur að teljast að leita ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar í þessum efnum. Búsvæði sela og fæðunám er í hafinu og fjörunni. Útselur og landselur nýta sér að vísu land til kæpingar og hvíldar en taka alla sína fæðu úr vistkerfi hafsins, þ.m.t. mikilvæga fiskistofna. Á vísindasviðinu þykir almennt eðlilegast að rannsóknir á selum heyri undir rannsóknastofnanir sem tengdar eru sjó og sjávarútvegi, enda þar með góðar forsendur fyrir þverfaglegri sýn í efnistöfum og aðferðafræði.

Á undanförunum árum hefur leiðandi stefna á alþjóða vettvangi verið að taka aukið tillit til samspils tegunda innan vistkerfis hafsins, s.k. vistkerfisnálgun við stjórnun auðlinda sjávar. Gera má ráð fyrir frekari þróun í þá átt á næstu áratugum. Ljóst er að fyrirhugaðar lagabreytingar ganga gegn slíkri þróun hér á landi.

Heimilisfang:
Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:
575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:
www.hafro.is

Tölvupóstfang:
hafro@hafro.is


HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Í lok þriðju greinar frumvarpsins segir “Veiðar á vöðusel og farsel eru óheimilar”. Væntanlega er hér átt við “veiðar á vöðusel og öðrum tegundum farsela”. Ekki verður skilið hver rökin eru fyrir allsherjarbanni á veiði á þessum tegundum, ekki síst í ljósi þess að hér er um afar stóra stofna sela að ræða, sem augljóslega kunna að valda beinum fjárhagslegum skaða fyrir íslenskan sjávarútveg.

Á undanförunum árum hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið veitt leyfi til norskra selfangara til veiða á vöðusel í íslenskri landhelgi að fengnu álití Hafrannsóknastofnunarinnar. Eins og um útsel og landsel, hefur sú ráðgjöf stofnunarinnar byggst á niðurstöðum alþjóðlegra vísindalegra úttekta innan Norður Atlantshafs Sjávarspendýraráðsins (NAMMCO) og Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) þar sem stofnunin er virkur þátttakandi. Óhætt er að fullyrða, að afrán land- og útsels á efnahagslega mikilvægum fiskistofnum er allnokkuð eða verulegt. Eins er líklegt að afrán farsela, þ.e. vöðusels, blöðrusels, kampsels og hringanóra, sé verulegt í lögsögunni og utan hennar þegar þessir stofnar ganga árstíðabundið á hafsvæðið í kringum Ísland í mikilli mergð. Í efnahagslegu tilliti er þó ekki síður að geta áhrifa selastofna á útbreiðslu sníkjudýra í fiski, en bæði útselur og landselur þó í minna mæli eru nauðsynlegir lokahýslar fyrir hringorma í iðrum og holdi nytjafiska.

Að lokum skal þess getið að Hafrannsóknastofnunin er vísindalegt stjórnvald hvað varðar sjávarspendýr á vettvangi CITES. Komi til breytinga samkvæmt frumvarpinu, þarf einnig að hafa þetta í huga.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,



Jóhann Sigurjónsson